

Nr. 1157

5. desember 2012

## GJALDSKRÁ um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum, hesthúsahverfi í Hafnarfjarðarkaupstað.

		<i>Gjald fyrir árið 2013</i>
Taðþróargjald*	pr. stíu	8.036 kr.

\*Taðþróargjald á hverja stíu samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hesthúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 28. nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012, tekur gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis, nr. 1274/2011.

*Hafnarfirði, 5. desember 2012.*

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2012